

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 634 30. desember 1980 um vörugjald.

1. gr.

B-liður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald:

Tollskrárn.	Vöruheiti
úr 21.07	Efni sem falla undir tnr. 21.07.01, 21.07.12 og 21.07.19, þó ekki grænmetissafi, og tilreidd eru til framleiðslu á drykkjarvörum sem teljast til nr. 22.02, t. d. með blöndun vatns.
22.01.01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru
22.02.01 } og } 22.02.09 }	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi er telst til nr. 20.07
22.03.01 } og 22.03.09 }	Öl gert úr malti

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 77 23. desember 1980 um vörugjald, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 20. mars 1981.

Ragnar Arnalds.

Sigurgeir A. Jónsson.